

Hvítt LEMGA DUO-steinlím með þunnu lagi

LEMGA DUO er steinlím sem er notað í þunnu lagi til að líma frauðsteypu- og kalksandsteina. Nota má efnið til að líma múrsteina og stærri einingar sem og fyrir þverfúgur.

Gæði

LEMGA DUO er steinlím í þunnu lagi í styrkleikaflokki M10 samkvæmt DIN EN 998-2. Efnið fer fram úr kröfum DIN V 18580. Bindiefni eru í samræmi við DIN EN 197. Íblöndunarefni með kornastærðardreifingu, þrýstipól >10 N/mm². Framleiðsla og gæðaeftirlit samræmist DIN 998-2, DIN 18580. Inniheldur lítið krómat.

Notkun:

LEMGA DUO er steinlím sem er notað í þunnu lagi til að líma frauðsteypu- og kalksandsteina. Nota má efnið til að líma múrsteina og stærri einingar sem og fyrir þverfúgur.

Eiginleikar:

- ☐ Mikill stoðkraftur vegna hentugar kornasamsetningar sem tryggir að láréttar fúgur eru 1–3 mm þykkar.
- ☐ Efnið er frostþolið eftir að það harðnar, er með mikla viðloðun, án vökvataps og í byggingarefnaflokki A1.
- ☐ Steinkornastærð (stærstu korn): <1,00mm
- ☐ Lagfæringartími: u.þ.b. 10 mín.

Notkun:

Umbúðirnar innihalda 20 kg af múrblöndu sem blanda skal saman við u.þ.b. 5 l af vatni og hræra vel saman með vél þar til úr verður jafn massi án klumpa. Á þessu stigi skal hella u.þ.b. tveimur þriðju hlutum nauðsynlegs vatnsmagns í. Látið hrærðu blönduna standa í 3–5 mínútur, hrærið síðan dálítið upp í henni og vinnið með efnið án þess að blanda meiru saman við það. Réttum þéttleika er náð þegar efnið myndar þétt og stöðugt lag.

Setja skal fyrsta lagið af steinum flúttandi og lárétt á steinlímið. Jafnið út ójöfnur áður en næsta lag er límt.

Hreinsið allt ryk af yfirborði steinanna. Svo hægt sé að stilla steinana af á jöfnu og þétu lagi steinlíms skal setja steinlímið á jafnt og þétt með límsleða/límspaða með viðeigandi tönnum. Setjið steinana ofan á, sláið á þá með gúmmíhamri og réttið þá af. Gætið þess að steinarnir renni ekki til eftir endilöngu og fjarlægið steinlím sem þrýstist út. Setjið ekki meira steinlím á í einu en hægt er að setja steina á innan 10 mínútna. Fylgist með því hvort límið storknar.

Verja skal nýtt múrverkið fyrir óhagstæðum veðuráhrifum á borð við mjög hátt eða lágt hitastig, frost, dragsúg, beint sólarljós eða slagviðri (t.d. með því að setja filmu yfir). Ekki skal nota efnið þegar lofthiti eða hitastig steinanna er undir +5 °C og yfir +30 °C.

Vatnsmagn:

Um það bil 5,0 l fyrir hvern 20 kg poka

Notkunartími:

Innan u.þ.b. 3–4 klst., eftir veðri. Notið steinlímið án þess að bæta meira vatni saman við og hrærið í öðru hvoru.

Afrakstur:

Um það bil 17 l af steinlími fyrir hvern 20 kg poka.

Geymsla:

Með viðeigandi hætti á þurrum stað. Við mælum með því að efnið sé notað innan 12 mánaða.

Athugið:

Þessi vara inniheldur sement og verður basísk þegar hún kemst í snertingu við raka/vatn.

Verjið því húð og augu. Við snertingu skal skola efnið af með vatni. Berist efnið í augu skal tafarlaust leita læknis.

Þær upplýsingar sem hér koma fram byggjast á víðtækum prófunum og reynslu. Þær eiga ekki við fyrir öll notkunarskilyrði. Af þessum sökum mælum við með því að gerðar séu prófanir í hverju tilviki fyrir sig. Framleiðandi áskilur sér rétt til tæknilegra breytinga samfara framþróun. Að öðru leyti gilda almennir viðskiptaskilmálar okkar.

Útgáfa frá: Mars 2018

Frekari upplýsingar fást hjá:

Schlamann Porenbetonwerk GmbH

Postfach 1161 · 31607 Marklohe/OT Lemke

Sími: +49 50 21 / 97 98 20-22 · Fax: +49 50 21 / 97 98-

41 Netfang: lemga@schlamann-kg.de Vefsíða:

www.lemga.de